

um frá 20. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 250.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 62/1982. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Franklín Kristni Steiner.

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 25. janúar 1982, en af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 27. september 1982.

Ákærvald krefst staðfestingar á héraðsdómi, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði dæmd jafnvæg refsing og lög leyfa og að ákærði verði sýknaður af kröfu ákærvalds um eignarupptöku.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara um hvern einstakan ákærulið. Enn fremur ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara

um heimfærslu brota til refsíákvæða, enda þykir ákæruskjal ekki geta bundið hendur dómstóla að því er varðar færslu brots til 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, sem er ekki refsíákvæði með sérstakri brotalýsingu, heldur geymir hún þyngd refsiviðurlög við brotum á lögum nr. 65/1974. Dómur borgardóms Kaupmannahafnar 17. desember 1979 hefur hegningaraukaáhrif í máli þessu, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þótt eigi víki það ákvæði að erlendum dómum, sbr. hins vegar 2. málsgrein 71. gr. almennra hegningarlaga, en 78. gr. greindra laga er sakborningi til hagsbóta andstætt því, sem er um 71. gr.

Brot ákærða eru stórfelld og lýsa einbeittum brotavilja. Er hér bæði um innflutning mikils magns af hassi og marihuana að ræða og í mörg skipti og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, svo sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 2. málsgrein 70. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákveða með vísun til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsivist þykir hæfilega dæmd í héraðsdómi, en ákærði sæti að auki 9.000.00 króna fésekt í ríkissjóð með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974. Ef sekt verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi 40 daga fangelsi í stað hennar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærða. Ljóst þykir, að fé það, sem lögreglan tók í vörslur sínar við húsleit hjá ákærða, stafar af sölu hans á fíkniefnum. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku, og sama gegnir um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8 000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti 2 ára fangelsi, og komi 47 daga gæsluvarðhaldsvist hans refsingu til frádráttar. Enn fremur sæti hann 9.000.00 króna sekt

í ríkissjóð er afplánist 40 daga fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara í máli þessu að öðru leyti en því, sem varðar beitingu ákvæða 78. gr. almennra hegningarlaga og um refsingu ákærða.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 22. júní 1977 er ákærða dæmdur hegningarauki, 2 mánaða fangelsi, við dóm sama dómstóls frá 5. apríl 1977. Þessum dómi vildi dómþoli una, og var honum ekki áfrýjað. Þar sem hegningaraukadómurinn frá 22. júní 1977 er ekki til endurskoðunar og við hann er unað, verður refsíákvörðun þessara dóma ekki tekin til mats að nýju í þessu máli.

Ber því að dæma ákærða nú eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga hegningarauka við dóminn frá 22. júní 1977 svo og við dóm borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979 og sáttina frá 11. ágúst 1978, svo sem greinir í héraðsdómi. Með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 70. gr. sömu laga tel ég refsivist ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Vegna þröngra refsimarka í 50. gr. almennra hegningarlaga á þeim tíma, sem brot voru framin, tel ég sektarefsingu í dómi þessum eigi mega fara út fyrir hámark sektarákvæða í lögum nr. 65/1974, gkr. 1.000.000, eða ef beitt er hækkunarákvæði 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga, gkr. 1.500.000. Vegna sektar þeirrar, sem ákærða var gert að greiða með dómi 5.

apríl 1977, gkr. 250.000, og sektar, sem ákærði gekkst undir að greiða með dómssáttinni frá 11. ágúst 1981, kr. 3.500.00, verður ákærða eigi dæmd hærri sekt í þessu máli en 9.000.00 krónur, samsvarandi gkr. 900.000. Ég tel, að ákvarða beri sektina þá fjárhæð og að til vara komi 30 daga fangelsi.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

D ó m s o r ð :

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði og greiði 9.000.00 krónur í fésekt til ríkissjóðs. Komi 30 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Gæsluvarðhaldsvist ákærða í 47 daga komi til frádráttar refsivist.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 21. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 819/1981: Ákærvaldið gegn Franklín Kristni Steiner.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 10. des. sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 14. júlí 1981, á hendur Franklín Kristni Steiner, áður til heimilis að Suðurgötu 8, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1947 í Reykjavík, fyrir að hafa á árinu 1976 gerst sekur um brot á fíkniefnalöggjöfinni með eftirgreindum hætti:

„1.

Frá áramótum og fram í apríl 1976 keypt margsinnis af Sigríði

Gísladóttur, þá dveljandi að Laufásvegi 10 og Laugarnesvegi 64, Reykjavík, samtals allt að 500 grömmum af hassi og af Gunnari Gíslasyni, Möðrufelli 1, Reykjavík, á sama tíma allt að 100 grömmum af hassi, sem ákærði neytti að hluta sjálfur, en seldi mestmegnis mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

2.

Vorið og sumarið 1976 keypt af Holberg Mássyni, Strandaseli 9, Reykjavík, í fjögur skipti samtals 6 kílógrömm af marihuana, í fyrsta skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á lóð Landspítalans, í annað skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru á lóð Blóðbankans við Barónsstíg, í þriðja skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og í fjórða skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru í íbúð, sem Holberg hafði þá í Ljósheimum í Reykjavík. Ákærði seldi allt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við fyrrnefndan Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson, Kleppsvegi 72, Reykjavík, mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

3.

Í lok maímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í félagi við Einar Sigurhansson, Selvogsgrunni 11, Reykjavík, og nefndan Gunnar Gíslason um 700—800 grömm af hassi og af því selt hérlandis í samvinnu við Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 400 grömm til margra manna í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

4.

Í júnímánuði 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við sömu menn og greinir í 3. lið hér að framan um 1300 grömm af hassi og síðan selt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

5.

Seinni hluta júnímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um

1700 grömm af hassi og um 100 grömm af hassolíu, sem þeir seldu svo hér á landi, að undanskildri eigin neyslu, mörgum mönnum gegn verulegu gjaldi og höfðu af því fjárhagslegan ávinning.

6.

Um mánaðamótin júlí/ágúst 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 6 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar og skipverja á m.s. Tungufossi. Efnismagn þetta, að undanskildri eigin neyslu, seldi ákærði í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

7.

Um mánaðamótin ágúst/september 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 9 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar, sem átti eitt kílógramm af þessu efnismagni sjálfur, og síðan selt um 8 kílógrömm af efninu, fyrst í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund, eða þar til þeir voru hneptir í gæsluvarðhald, og síðan með aðstoð Einars Sigurhanssonar, til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og liðir 2, 4, 5, 6 og 7 enn fremur við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 um breytingar á þeim lögum.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á kr. 383.100, 400.00 dönskum krónum og 5.770.00 bandarískum dólum, sem hald var lagt á þann 1. nóvember 1976 í fórum Jóns Þórs Gunnlaugssonar, Laufásvegi 10, Reykjavík, og ákærði vísaði á sem andvirði seldra fíkniefna, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 14. febrúar 1947 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1963 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26/6 1963.
- 1963 1/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/8 1964.
- 1964 12/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
- 1965 6/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 6/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsbundið í ár, fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga (261).
- 1972 29/12 þingrétturinn, Málmey, Svíþjóð: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 1. gr. laga um fíknilyf og 1. gr., sbr. 1. mgr. tolllaga (frá 29/12 1972 til 28/2 1973).
- 1973 5/11 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 38. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 18. mán. frá 22/4 1973.
- 1975 11/3 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 27. og 38. gr. umferðarlaga.
- 1977 5/4 í Reykjavík: Dómur: 250.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.
- 1977 22/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1979 17/12 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: Fangelsi 1 ár og 6 mán. fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf og vopnalögum.
- 1981 11/8 sakad. í ávana- og fíkn.: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

MÁLSATVIK.

Í síðari hluta júlí 1976 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli fjölmargra aðilja. Varð upplýst um innflutning og dreifingu á tugum kílóa svonefndra kannabisefna. Sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins, sem varð langvinn vegna umfangs og fjölda þeirra aðilja, er við málið voru riðnir. Einn grunaðra var ákærði í máli þessu.

Við yfirheyrslur vegna ofangreindrar rannsóknar kom fram, að umfangsmikil dreifing hassefna færi fram á heimili ákærða að Suðurgötu 8 hér í borg.

Umfangsmikil leit að ákærða hófst 16. september 1976, en bar lengi vel engan árangur. Lýsti lögregla ítrekað eftir honum í útvarpi, en ákærði gaf sig loks fram við lögreglu síðdegis 26. sama mánaðar. Kvaðst hann hafa vitað, að sín væri leitað, en kvaðst hafa farið huldu höfði af fjölskylduástæðum. Var hann yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík sama dag og hér í dómi daginn eftir. Viðurkenndi ákærði ítrekaða meðhöndlun kannabisefna undanfarna mánuði. Kvað hann sig í öllum tilvikum hafa fengið slík efni frá öðrum ónafngreindum aðiljum og oftast án endurgjalds. Ákærði var hér í dómi 27. s. m. úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Vegna umfangs rannsóknar var gæsluvarðhald ákærða framlengt um allt að 30 dögum 27. október s. á., en ákærði gekk laus 12. nóvember s. á. Við ofangreinda rannsókn viðurkenndi ákærði stórfelldan innflutning kannabisefna og dreifingu þeirra hérlandis gegn verulegum hagnaði. Verður hér á eftir vikið að málsatvikum varðandi hvern ákærulið fyrir sig.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ákærði viðurkennt tiltekin fíkniefnaviðskipti í janúar 1977. Um þau verður ekki fjallað, þar sem ekki er að þeim vikið í ákæruskjali.

1. ákæruliður.

Ákærði skýrði svo frá hér í dómi 26. október 1976, að hann hefði frá jólum og fram í apríl það ár ítrekað keypt ýmiss konar hass af Sigríði Gísladóttur. Kvað hann afhendingar hafa verið margar og oftast farið fram á heimili Sigríðar við Laufásveg hér í borg. Ekki kvaðst ákærði geta tilgreint efnismagn nákvæmlega, en mesta magn, er hann hefði mótttekið í einu, hafi verið 200 gr. Kaupverð hafi jafnan verið gkr. 1.200—1.400 og heildarmagn um 400 gr, er hann hafi sjálfur selt ýmsum aðiljum með um gkr. 150—200 hagnaði á hvert gramm. Ágóða kvaðst ákærði hafa notað til fíkniefnakaupa fyrir sjálfan sig. Framfæri hafi hann haft af tekjum sambýliskonu sinnar.

Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði hasskaupum af Gunnari Gíslasyni, bróður ofangreindrar Sigríðar. Hafi þau átt sér stað um sama leyti og hann tvívegis mótttekið 70—80 gr af hassi og afhendingarnar farið fram hér í borg. Ákærði kvaðst hafa greitt

gkr. 1.300—1.400 fyrir hvert gramm og að mestu endurselt með hagnaði, enda áður verið búinn að móttaka fé frá kaupendum.

Ákærði nafngreindi nokkra pilta úr Reykjavík og nágrenni sem kaupendur ofangreindra efna. Ekki þykir hér ástæða til að tilgreina þá, en játningar ákærða eru efnislega studdar framburðum kaupenda.

Er ákærði var yfirheyrður hér í dómi þann 16. nóvember 1976, nokkru eftir að gæsluvarðhaldi hans lauk, þá kvaðst hann í byrjun árs 1976 hafa móttekið samtals 400—500 gr af hassi frá Sigríði Gísladóttur og 30—50 gr og 60 gr af Gunnari Gíslasyni, en efni þetta hafi hann að hluta selt með hagnaði.

Við yfirheyrslu hér í dómi 11. ágúst sl. lét ákærði bóka eftir sér þá athugasemd varðandi þennan ákærulið, „að hann hafi ekki móttekið meira en 300 gr frá nefndri Sigríði Gísladóttur.“ Ekki gerði ákærði neina grein fyrir ástæðu breytts framburðar.

Ofangreind Sigríður Gísladóttir, fædd 2. október 1953 í Reykjavík, var yfirheyrð hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 23. sept. 1976 og neitaði þá að hafa haft afskipti af fíkniefnum þá að undanförmu. Hún var síðan yfirheyrð aftur 27. apríl 1978. Bar hún þá að hafa ítrekað selt ákærða hassefni tímabilið frá áramótum 1975—1976 til apríl 1976 og heildarefnismagn verið allt að 500 gr. Hafi ákærði í fyrstu móttekið efni á heimili hennar að Laufásvegi 10 hér í borg, en síðar að Laugarnesvegi 64, en þangað hafi hún flutt í mars 1976. Sigríður kvað ákærða hafa greitt gkr. 800—1.200 fyrir hvert gramm.

Nefnd Sigríður var yfirheyrð hér í dómi 21. mars 1980 og bar þá að hafa í febr.—mars 1976 átt milligöngu að afhendingu allt að 400 gr af hassi frá Gunnari Gíslasyni til ákærða.

Ofangreindur Gunnar Gíslason, fæddur 8. ágúst 1952, til heimilis að Möðrufelli 1, Reykjavík, var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 11. nóvember 1976. Kvaðst hann á nefndu tímabili hafa haft mjög mikið magn hassefna undir höndum. Kvað hann Sigríði, systur sína, hafa selt eitthvað af þessu fyrir sig, m. a. ákærða. Þá kvað Gunnar sig ráma í að hafa sjálfur á þessum tíma selt ákærða efni í eitt skipti, en ekki muna það fyrir víst.

2. ákæruliður.

Hér í dómi 28. október 1976 rakti ákærði aðdraganda marihuanaviðskipta við Holberg Másson og fundar við hann við Hallgrímskirkju. Þar kvað ákærði nefndan Holberg hafa spurt sig,

hvernig koma mætti marihuana á markað héraðs, og við það tækifæri gefið sér að prófa efni og það virst nokkuð gott.

Ákærði kvaðst hafa samið við Holberg um að safna fé og kaupa af honum efni. Ákærði kvaðst síðan hafa safnað fé frá nokkrum nafngreindum aðiljum og upphæðin verið gkr. 40.000, er hann hafi á sama stað og fyrr afhent Holberg og fengið 100 gr af marihuana fyrir. Ákærði kvaðst enn hafa hitt Holberg á sama stað og Holberg þá verið með 200 gr af marihuana, en ákærði félaus og hann þá lánað ákærða efnið. Hafi verið ákveðið, að ákærði móttæki 1 kg við næsta stefnumót.

Ákærði kvaðst síðan hafa haft samband við Gunnar Gíslason og kunningja hans, Guðmund Kristjánsson, og þeir þrír rætt um samvinnu við dreifingu fíkniefna. Ákærði kvaðst hafa lagt til, að þeir þrír sæu allir saman um dreifingu í félagi, en það hafi þeir Gunnar og Guðmundur ekki viljað vegna þeirrar áhættu, sem því fylgdi, hve ákærði væri þekktur.

Hafi þeir Gunnar og Guðmundur fallist á, að þeir fengju kílóíð á gkr. 600 hvert gramm og ákærði samkvæmt því átt að hagnast um gkr. 100 á hverju grammi.

Ákærði kvaðst síðan skv. umtali við Holberg hafa haldið til fundar við hann á lóð Landspítalans og þar frá honum móttekið tæplega eitt kíló af marihuana og hafi þyngd efnis verið stimpluð á umbúðir. Ákærði kvaðst hafa fengið efnið lánað hjá Holberg, en sá gefið upp símanúmer vegna greiðslna síðar. Gunnar og Guðmundur hafi síðan beðið sín í bifreið á Skólavörðuholti að móti við Holberg loknu.

Ákærði kvaðst hafa afhent þeim Gunnari og Guðmundi ofangreint kíló og ekki muna betur en ekið hafi verið með það heim til Sigríðar, systur Gunnars. Ákærði kvað þá Gunnar og Guðmund hafa annast sölu á nefndu kíló og skilað sér gkr. 600 fyrir hvert gramm, en hann hins vegar skilað Holberg gkr. 500 fyrir hvert gramm. Ákærði kvað hagnað af sölu marihuanaefna hafa farið til að fjármagna utanferðir til fíkniefnakaupa, er hafist hafi í lok maí 1976, en sala marihuanaefna haldið áfram samhliða fram eftir sumri.

Ákærði var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 3. nóvember s. á. Ákærði kvaðst næst hafa móttekið 2 kg af marihuana í einu lagi frá Holberg við Blóðbankann svonefndan við Barónsstíg, en Gunnar og Guðmundur á meðan beðið við Hallgrímskirkju. Síðan kvaðst mætti (sic) hafa móttekið eitt kíló í viðbót af marihuana frá Holberg á horni Leifsgötu og Barónsstígs. Ákærði

kvaðst síðan hafa mótttekið 2 kg af marihuana til viðbótar frá Holberg, en víkja nánar þar að, er að því kæmi í tímaröð.

Ákærði var spurður um dreifingu á ofangreindum 4 kg af marihuana, og ítrekaði hann þá að hafa ekki komið nálægt dreifingu á fyrsta kílóinu, en einhverju hafa dreift af hinum þremur, en það hafi ekki verið nema nokkur hundruð grömm.

Ákærði nafngreindi síðan 6 aðilja, er hann kvaðst geta fullyrt að hafa selt 10—12 grömm hverjum, en ekki þykir hér þörf á að telja þá upp, en þeir hafa að langmestu leyti borið á sama veg og ákærði um viðskipti þeirra.

Hér í dómi þann 9. nóvember s. á. lýsti ákærði sjálfstætt frekari móttöku á marihuana frá Holberg og miðaði þá við komu Holbergs að utan, en hann hafi þá flutt að Ljósheimum 2 hér í borg. Ákærði kvaðst hafa flutt tvö kíló af marihuana í tvennu lagi frá Holberg, annað heim til Gunnars í Möðrufell, en hitt heim til Guðmundar á Kleppsveg. Ákærði kvaðst hafa annast sölu ásamt þeim Gunnari og Guðmundi, Holberg hafi fengið 400 gkr. fyrir hvert gramm, en söluverð þeirra verið 500—600 gkr. Ákærði gerði lítilla grein fyrir ráðstöfun efna, en rétt þykir þó að geta um afhendingu á 300 gr, er farið hafi til Jónasar Ómars Snorrasonar, er mikið hafi annast sölu efna fyrir þá Gunnar og Guðmund. Hafi sú afhending farið fram í viðurvist Guðmundar og ákærði þar raunar verið að afhenda efni fyrir hönd Guðmundar.

Ákærði staðfesti hér fyrir dómi 16. nóvember 1976 stutta heildarsamantekt á fíkniefnamisferli sínu, en þetta var nokkru eftir að lokið var gæsluvarðhaldi hans vegna rannsóknar máls þessa. Kvaðst hann hafa mótttekið samtals 6 kg af marihuana frá Holberg Mássyni og selt með hagnaði ásamt þeim Gunnari Gíslasyni og Guðmundi Kristjánssyni.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. eftir þingfestingu máls þessa, breytti ákærði framburði sínum varðandi þennan ákærulið á þá leið, að hann kvaðst aðeins hafa mótttekið samtals 4 kg af marihuana frá Holberg Mássyni og það verið í umboðs-sölu.

Guðmundur Kristjánsson, fæddur 15. júní 1955 í Reykjavík, þá til heimilis að Kleppsvegi 72, Reykjavík, skýrði svo frá við yfirheyrslu hér í dómi 12. október 1976, þá í gæsluvarðhaldi, að hann og Gunnar Gíslason hefðu í maí 1976 mótttekið $\frac{1}{2}$ kg af marihuana frá ákærða og á næstu vikum 3 kg til viðbótar. Kvað Guðmundur þá hafa selt ofangreint efni ýmsum aðiljum í félagi

við ákærða. Hafi Gunnar annast vörslur fjár og efna og jafnframt annast bókhald, en ákærði sem áður segir annast útvegum efnis. Hafi þeir þrír selt hver eins og hann gat og Gunnar skuldfært þá, er þeir tóku efni, en fært til tekna, er viðkomandi skilaði inn fé fyrir sölu. Hafi þeir þannig aldrei skipt efni.

Guðmundur bar á sama veg hér í dómi 16. nóvember s. á., en kvað þá efnismagn um 4 kg. Guðmundur kvaðst hafa selt Jónasi Ómari Sonrrasyni 1 kg af ofangreindu efni.

Gunnar Gíslason, fæddur 8. ágúst 1952, skýrði í yfirheyrslum hjá lögreglu í Reykjavík þann 2. október 1976 og hér í dómi daginn eftir frá sölu á 3 kg af marihuana vor og sumar það ár, en kvað að sölnunni hafa staðið auk sín ákærða og Guðmund Kristjánsson.

Gunnar kvað upphafið að þessum viðskiptum hafa verið það, að í maí þ. á. hafi ákærði boðið sér marihuana til kaups á gkr. 500 hvert gramm. Hafi fyrirkomulag viðskipta verið það, að þeir hafi mótttekið efnið hjá ákærða og síðan fengið greiðslufrest, þangað til þeir hefðu lokið sölu hvers efnisskammts. Hafi þeir þannig mótttekið samtals a. m. k. 2 kg af marihuana hjá ákærða og afhendingar farið fram við Laugarnesveg í Reykjavík. Kvað Gunnar ákærða þar fyrir utan hafa haft meira efni til ráðstöfunar. Gunnar kvað þá síðan hafa selt ofangreint efni fjölmörgum aðiljum, ýmist í stærri eða smærri skömmtum, og m. a. á tilgreindum veitingastöðum í Reykjavík. Hafi þeir selt hvert gramm á gkr. 700—800 og hagnaður af sölu nefndra tveggja kílóa numið sem svaraði gkr. 200.000, sem varið hafi verið til frekari fíkniefnakaupa, eins og síðar verður vikið að nánar. Þá kvað Gunnar ákærða nokkru síðar hafa getað útvegað 1 kg af marihuana til viðbótar. Hafi þeir þrír síðan sameiginlega staðið að sölu efnisins til margra aðilja. Þá nafngreindi Gunnar Jónas Ómar Snorrason sem kaupanda að allnokkru magni af ofangreindu efni af þeim félögum. Hagnaður af sölu nefnds efnis hafi einnig runnið til frekari fíkniefnakaupa.

Holberg Másson, fæddur 21. september 1954, til heimilis að Strandaseli 9, Reykjavík, skýrði efnislega á sama veg og ákærði frá sölu ofangreinds marihuanaefnis til ákærða, er hann var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 4. febr. 1977, þá í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Holberg var síðan yfirheyrður hér í dómi 11. mars og 23. mars 1977.

Holberg kvaðst hafa flutt hingað til lands 3 pund af marihuana í mars og apríl 1976 og selt ákærða meiri hluta þess á gkr.

400—500 hvert gramm. Um mánaðamótin maí/júní 1976 kvaðst Holberg í félagi við erlendan kunningja sinn, John Bourdeu, hafa flutt hingað til lands 10 pund af marihuana og þar af selt ákærða um $4\frac{1}{2}$ kg að meðaltali á um gkr. 400 hvert gramm. Þá kvaðst Holberg í júlí s. á. hafa flutt hingað til lands 100 gr af svo nefndu Columbia grasi, sem er gott marihuana, og ákærði hafi einnig fengið eitthvað af því.

Í framburði Holbergs hjá lögreglu 4. febrúar 1977 kemur fram, að hann hafi 5 sinnum afhent ákærða efni á Skólavörðuholti og nágrenni, en eftir að Holberg flutti í Ljósheima, hafi afhendingar líklega farið þar fram.

Jónas Ómar Snorrason, fæddur 22. apríl 1957, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa. Við yfirheyrslur hér í dómi um miðjan ágúst 1976 bar nefndur Jónas að hafa þá um sumarið dreift tæpu kíló af marihuana fyrir Guðmund Kristjáns-son.

3. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum varðandi þennan ákærulið hér í dómi 3. nóvember 1976. Ákærði kvað þá félaga Gunnar og Guðmund hafa stungið upp á að fá Einar Sigurhansson til þess að annast flutning hassefna frá Rotterdam, en þangað hafi verið fyrirhuguð hasskaupaferð í lok maí 1976. Ákærði kaðst hafa lagt gkr. 250.000 til þessarar farar, eða líðlega helming á móti þeim Gunnari og Gugmundi, er sameiginlega hafi lagt fram gkr. 240.000. Tók ákærði sérstaklega fram, að þessar 250.000 kr. hafi verið hagnaður af sölu marihuanaefnisins og því örugglega verið búið að selja $2\frac{1}{2}$ kg, er ferðin var farin.

Ákærði kvað Gunnar hafa haldið utan ásamt Einari áður nefndum og þeir í Hollandi keypt 700—800 gr af hassi og flutt hingað til lands. Hafi það verið um 400 gr af Libanonhassi og 300 gr af svörtu Pakistanhassi. Eftir komu þeirra með efni hingað til lands hafi þeir Guðmundur og ákærði hitt þá Gunnar og Einar heima hjá Sigríði, systur Gunnars. Þar hafi þegar verið ákveðið, að Gunnar sæi um vörslu efna og bókhald.

Ákærði kvað þá Guðmund og Gunnar að mestu hafa annast sölu efnisins, en sjálfur kvaðst hann þó hafa selt fimm nafngreindum aðiljum nokkra tugi gramma hverjum, en það væru þeir Jón Rúnar Einarsson, Kristján Jón Jóhannsson, Karl Anton Carlsen, Gylfi Harðarson og Ólafur Bragi Bragason. Nefndir

aðiljar hafa allir staðfest við yfirheyrslur kaup á hassefnum af ákærða sem að ofan greinir.

Ákærði kvað Libanonhassið hafa verið selt á gkr. 1.300 hvert gramm, en Pakistanhassið á gkr. 1.400. Hafi efnið verið selt á nokkrum dögum og söluandvirðið verið lagt í sameiginlegan sjóð og þegar verið byrjað að skipuleggja næstu ferð.

Að lokinni gæsluvarðhaldsvist ákærða mætti hann hér í dómi 16. nóvember og staðfesti þá stutta samantekt yfir fíkniefnamisferli sitt, og var þá eftirfarandi um ofangreint bókað:

„Lagði fram kr. 250.000 í hasskaupaferð Gunnars og Einars Sigurhanssonar í maí. Tók ásamt Guðmundi Kr. og Gunnari þátt í að selja 350—400 gr af Libanon og 250—300 gr af Pakistan.“

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið og kvaðst ekki hafa staðið að innflutningi að þar greindum fíkniefnum, en fengið af þeim lítillræði. Ekki tilgreindi ákærði neinar ástæður fyrir þessum breytta framburði.

Hér í dómi 12. október og 16. nóvember 1976 lýsti Guðmundur Kristjánsson ítarlega aðdraganda að hasskaupaferð þeirri, er í þessum ákærulið greinir. Kvað hann þá þremmenninga hafa skipulagt utanferð til fíkninefnakaupa fyrir söluandvirði efna hér að ofan. Guðmundur kvaðst um þetta leyti hafa verið í vinnu hjá Heklu h/f og ekki átt þess kost að fara utan. Ákærði hafi komið sér undan því að fara, sem og reyndar ætíð síðar, og Gunnar ákveðið að fara, en ekki viljað flytja efni heim og átt hugmyndina að því að fá Einar Sigurhansson til þess að flytja efni heim gegn greiðslu gkr. 200.000.

Guðmundur kvaðst hafa lagt fram gkr. 100.000 og Gunnar sömu upphæð, en ákærði 250.000 gkr. Hafi Gunnar síðan annast kaup á 100 gr af hassolíu og 500—600 gr af hassi í Rotterdam í Hollandi og Einar Sigurhansson flutt efni hingað til lands. Eftir komu efna hingað til lands hafi þeir þremmenningar annast sölu efnanna með sama fyrirkomulagi og áður og söluverð hassefnis verið gkr. 1.300—1.400 hvert gramm.

Gunnar Gíslason var margítrekað yfirheyrður um sakarefni í þessum ákærulið, en framburðir hans voru mjög breytilegir, en í endanlegum framburði hans kemur fram, að í lok maí 1976 hafi hann ásamt Einari Sigurhanssyni haldið til Kaupmannahafnar og þaðan með lest til Rotterdam. Gunnar kvaðst ásamt Guðmundi hafa lagt til fararinnar hagnað af sölu efna úr 2. ákærulið,

eða liðlega gkr. 200.000, en ákærði jafnframt til farar lagt gkr. 250.000. Hafi nefndur Einar Sigurhansson verið fenginn til þess að flytja efni hingað til lands og hann átt að fá sem svaraði gkr. 100.000 fyrir vikið, eftir að greiddur hafði verið ferðakostnaður. Í Rotterdam hafi þeir fest kaup á um 600 gr af hassi og 130 gr af hassolíu. Þeir hafi síðan flutt efnið með sér í lest til Kaupmanna-hafnar og þaðan flugleiðis hingað til lands. Hafi nefndur Einar borið efni á sér hingað til lands. Gunnar kvaðst ásamt þeim ákærða og Guðmundi hafa annast sölu efnisins og sjálfur mest hafa stundað söluna á tveimur veitingastöðum í Reykjavík, nánar Tjarnarbúð og Óðali.

Ofangreindur Einar Sigurhansson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Selvogsgrunni 11, Reykjavík, var yfirheyrður hjá lög-reglu í Reykjavík 4. október 1976 og hér í dómi sama dag. Var framburður hans samhljóða framburði ákærða og Gunnars um ofangreint, utan hvað Einar kvaðst ekki vita um efnismagn, er keypt hefði verið. Þá gat hann ekki um, að hassolía hefði verið keypt í ferðinni. Er nefndur Einar var yfirheyrður hér í dómi 10. nóv. 1976 staðfesti hann yfirlit yfir fíkniefnamisferli sitt, en það var í lok gæsluvarðhalds vegna rannsóknar máls þessa. Þá kvað hann efnismagn u. þ. b. $\frac{1}{2}$ kg af Pakistan- og Libanonhassi.

Ekki þykir hér frekar en að framan ástæða til að rekja fram-burði ætlaðra kaupenda á efnismagni því, er hér um ræðir, en framburðir ákærða og samstarfsmanna hans eru efnislega studd-ir framburðum fjölmargra nafngreindra kaupenda.

4. ákæruliður.

Hér í dómi 4. nóvember 1976 lýsti ákærði atvikum varðandi þennan ákærulið. Kvað hann þá félaga hafa ákveðið að nota söluandvirði efna úr síðustu ferð til frekari fíkniefnakaupa er-lendis, er síðar yrðu seld hér heima. Kvaðst hann telja, að þeir hefðu þá átt í sjóði nálægt 1.000.000 gkr. Hafi Gunnar marg-nefndur átt uppástungu um, að Halla, þáverandi eiginkona Gunnars, og vinkona hennar yrðu fengnar til að flytja efni hing-að til lands, en Einar Sigurhansson færi utan með Guðmundi Kristjánssyni sem leiðsögumaður við kaupin. Hafi Einar átt að fá gkr. 200.000—300.000 fyrir ferðina sem og hina fyrri. Þá hafi stúlkurnar átt að fá sama. Ákærði kvað farseðla og gjaldeyri hafa verið greitt úr sameiginlega sjóðnum og gjaldeyri hafi stúlkurnar átt fyrir sig, en síðan átti að draga hann frá greiðslu

til þeirra. Ekki kveðst ákærði geta tímasett þessa ferð nákvæmlega, en hún hafi verið skömmu eftir hina fyrri.

Ákærði kvað efnismagn úr þessari ferð hafa verið 1000 gr af tyrknesku hassi í 200 gr plötum og eitthvað minna af svörtu Pakistanhassi, en ekki kvaðst ákærði geta fullyrt um magn þess.

Ákærði kvað Gunnar sem fyrr hafa séð um vörslu efna og fjár og hann jafnframt séð um að gera upp við Einar og stúlkurnar, er flutninginn höfðu annast.

Varðandi dreifingu þá kvaðst ákærði hafa selt Ólafi Braga Bragasynt 300 gr fyrir 1.800 bandaríkjadali. Varðandi dreifingu að öðru leyti þá kvað ákærði Pakistanhassið hafa verið selt á gkr. 1.200 hvert gramm og Tyrkjahassið á gkr. 1.300.

Ekki kvaðst ákærði treysta sér til að fullyrða nákvæmlega um fleiri sölur sínar, en öruggt væri, að þeir sömu og áður hefðu verslað við sig, þ. e. Karl Anton Carlsen, Kristján Jón Jóhannsson, Gylfi Harðarson, Jón Rúnar Einarsson og Hermann Ólafsson. Ekki kvaðst ákærði treysta sér til að fullyrða um efnismagn til þessara pilta, en nefndur Gylfi fengið mest. Er framburður ákærða efnislega studdur framburðum nefndra kaupenda.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann hefði ekki komið nálægt innflutningi þeirra fíkniefna, er í þessum ákærulið greinir, en fengið lítilræði af þeim. Ekki færði ákærði fram nein rök eða ástæður fyrir hinum breytta framburði.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, var yfirheyrdur hér í dómi 5. nóvember 1976, þá í gæsluvarðhaldi. Bar hann þá að hafa snemma sumars 1976 fyrir tvo varnarliðsmenn og í Reykjavík af ákærða keypt 160—170 gr af tyrknesku hassi. Eru framburðir ákærða og nefnds Ólafs Braga samhljóða í öðrum atriðum en hvað snertir efnismagn. Ekki verður séð af gögnum málsins, að þeir ákærði og nefndur Ólafur Bragi hafi verið samprófaðir, er rannsókn málsins fór fram, enda sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi á þessum tíma og umfang rannsóknar með ólíkindum.

Guðmundur Kristjánsson lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 12. október og 16. nóvember 1976. Kvaðst hann í fyrri hluta júní 1976 hafa haldið til Rotterdam ásamt Einari Sigurhanssyni með sameiginlegt fé sitt og þeirra Gunnars Gíslasonar og ákærða, en það verið söluandvirði efna úr síðustu ferð. Hafi Einar Sigurhansson farið með í för þessa sem leiðsögumaður, en án endurgjalds og ekkert átt í efnunum.

Samkvæmt ráðagerð kvaðst Guðmundur í Rotterdam hafa keypt samtals 1300 gr af hassi og þar afhent Elvi Baldursdóttur og Svanhvíti Höllu Pálsdóttur, fyrrverandi eiginkonu Gunnars, er flutt hafi efnið hingað til lands gegn greiðslu.

Guðmundur kvaðst hafa selt ofangreint efni í félagi við þá ákærða og Gunnar á gkr. 1.300—1.400 hvert gramm, en hann sjálfur mest selt Jónasi Ómari Snorrasyni.

Hér í dómi 3. október 1976 lýsti Gunnar Gíslason ofangreindri hasskaupaferð í júní þ. á., en hún verið kostuð af söluandvirði efna úr síðustu ferð. Gunnar kvaðst hafa staðið að þessari hasskaupaferð ásamt þeim ákærða og Guðmundi Kristjánssyni. Hafi áður nefndur Einar Sigurhansson verið fenginn til fararinnar sem leiðsögumaður án endurgjalds, en Guðmundur farið með honum. Þá hafi verið ákveðið að fá kvenfólk til þess að annast flutning efnis hingað til lands. Gunnar kvaðst hafa samið við fyrrverandi eiginkonu sína Höllu og vinkonu hennar Elvi. Gunnar kvað Guðmund í Hollandi hafa keypt 1000 gr af tyrknesku hassi á 4 hollensk gyllini pr. gr og 300 gr af svörtu hassi. Hafi sennilega um 400.000 gkr. farið til efniskaupanna. Gunnar kvaðst hafa greitt Elvi og Höllu gkr. 200.000 hvorri fyrir flutning efnisins hingað til lands. Gunnar kvaðst ásamt þeim Guðmundi og ákærða hafa annast sölu efnisins sem fyrr til margra aðilja og þeir selt tyrkneska hassið á gkr. 1.400 hvert gramm, en það svarta á gkr. 1.300.

Einar Sigurhansson ofangreindur bar á sama veg um ofangreint hér í dómi 4. október 1976 og í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík sama dag.

Elvi Baldursdóttir, fædd 1. sept. 1954, var yfirheyrð hér í dómi 4. október 1976 og bar þá að hafa ásamt Höllu, þáverandi eiginkonu Gunnars, flutt hingað til lands frá Rotterdam samtals 1300 gr af hassi, er skipt hefði verið á þær. Hafi þær plástrað efni á maga, fætur og bak. Fyrir flutninginn hafi Gunnar greitt þeim sem svaraði gkr. 200.000, en auk þess verið greiddur ferðakostnaður.

Svanhvít Halla Pálsdóttir, fædd 8. ágúst 1953, bar á sama veg og ofangreind Elvi um flutning nefndra hassefna hingað til lands, er hún var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík 2. október 1976.

5. ákæruliður.

Hér í dómi 9. og 10. nóvember 1976 lýsti ákærði þriðju hasskaupaferð þeirra þremmenninga til Hollands. Hafi þá verið til fé í sameiginlegum sjóði vegna ofangreindrar fíkniefnasölu, er nægja

átti til kaupa á 3 kg af hassi í Rotterdam í Hollandi. Hafi í fyrstu verið ráðgert, að áðurnefndur Holberg Músson flytti keypt efni hingað til lands, en hann ekki mætt til stefnumóts í Rotterdam, er á reyndi.

Ákærði kvað Gunnar hafa haldið til Rotterdam með um gkr. 1.000.000 og þar keypt 1500—1700 gr af Libanonhassi og 100 gr af hassolíu. Efnið hafi skipverji á millilandaskipi flutt sjóleiðis hingað til lands gegn greiðslu gkr. 600.000. Ákærði kvað þá hafa selt hvert gramm af hassolíunni á gkr. 6.000, en þess utan verið ótæpileg neysla á olíunni af hálfu þeirra þremmenninga. Lýsti ákærði sölu sinni á 35—37 gr af nefndri hassolíu til 7 nafngreindra aðilja, er í meginatriðum hafa borið efnislega á sama veg og ákærði um viðskipti þeirra.

Ákærði kvaðst hafa selt varnarliðsmanninum Christopher Barber Smith liðlega 800 gr af hassinu á 600.000 gkr. og 2.000 bandaríkjadali. Hafi þá verið miðað við, að hann fengi 6 dali fyrir hvert gramm svo langt sem dalirnir dygðu, en efni að öðru leyti á gkr. 1.300 hvert gramm.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið og kvaðst engin afskipti hafa haft af innflutningi þar greindra fíkniefna, en af þeim fengið lítilræði. Ekki færði ákærði nein rök fyrir hinum breytta framburði.

Christopher Barber Smith, fæddur 29. september 1953, varnarliðsmaður á Keflavíkurflugvelli, var þann 8. nóvember 1976 og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um ýmiss konar fíkniefnamisferli, en viðurkenndi engin afskipti af fíkniefnum.

Guðmundur Kristjánsson var yfirheyrður hér í dómi 13. október og 16. nóvember 1976. Hann kvað Gunnar Gíslason hafa haldið í júlí 1976 til Rotterdam með sameiginlegt fé þeirra þremmenninga, er verið hafi söluandvirði fíkniefna, og Gunnar keypt 1.5 kg af hassi. Hafi upphaflega verið ráðgert, að Holberg Músson flytti efnið heim, en hann ekki mætt til stefnumóts við Gunnar og Gunnar síðar sagt sér, að hann hefði sjálfur flutt efnið heim.

Guðmundur kvað þá félaga hafa selt 1 kg af efninu tveimur varnarliðsmönnum, sem ákærði hafi komist í kynni við, og afhending farið fram við Rauðhóla. Hafi söluverð verið 5½\$ og gkr. 12—1.300 og þannig komið inn um 2.000 \$ og 5—600.000 gkr.

Þá kvaðst Guðmundur hafa tekið þátt í að dreifa eftirstöðvunum, eða 500 gr.

Gunnar Gíslason var ítrekað yfirheyrður um utanferð þá, er í þessum ákærulið greinir, en framburðir hans voru framan af breytilegir, og kom endanlegur framburður hans ekki fram fyrr en í síðara gæsluvarðhaldinu, er hann sætti vegna rannsóknar máls þessa. Hér í dómi þann 11. nóvember 1976 lýsti Gunnar greindri utanferð og kvað aðdraganda hennar þann, að fyrirhugað hefði verið, að hann héldi einn til Rotterdam í júlí og keypti hassefni fyrir hagnað af sölu efna, er að framan greinir. Hafi ákærði samið við Holberg Másson, að sá færi til Rotterdam og setti sig í samband við sig á einhverju hóteli. Gunnar kvaðst hafa haldið utan með um 400.000 gkr. og eitthvað í gjaldeyri. Gunnar kvaðst fyrst hafa flogið til Kaupmannahafnar og verið þar í tvo til þrjá daga og skipt fé í hollensk gyllini og síðan haldið með bílaleigubifreið til Rotterdam og kynnt sér viðskiptahorfur. Er sig hafi verið farið að lengja eftir Holberg Mássyni, hafi hann hringt í Guðmund og hann þá bent sér á, að Tungufoss og Hvassafell væru í Rotterdam, en þeir þekkt Stefán Hall, er væri skipverji á Tungufossi, og á Hvassafelli þá Boga Halldórsson og Frímenn nokkurn. Gunnar kvaðst hafa sett sig í samband við nefndan Boga og hann lýst sig reiðubúinn til að flytja efni heim gegn greiðslu gkr. 250.000 síðar. Reyndar hafi nefndur Bogi og félagi hans Frímenn báðir verið ákveðnir í að kaupa sér hass og þeir því farið með sér til efniskaupa. Kvaðst Gunnar hafa keypt rösk 2 kg af Líbanonhassi og þar af átt 1700—1800 gr ásamt þeim Guðmundi og ákærða, en Bogi og Frímenn eftirstöðvar. Bogi hafi síðan tekið við efninu til flutnings hingað til lands, en sjálfur kvaðst Gunnar hafa haldið til Kaupmannahafnar og skilað bílaleigubifreiðinni og haldið hingað til lands flugleiðis daginn eftir. Gunnar kvaðst hafa mótttekið 1700—1800 gr af ofangreindum efnum heima hjá Boga á Óðinsgötu.

Gunnar kvað ákærða hafa verið búinn að ráðstafa 1 kg til varnarliða á Keflavíkurflugvelli, en þeir þó ekki fengið nema 800 gr og efni verið afhent þeim við Rauðhóla. Kvaðst Gunnar ásamt ákærða og Guðmundi hafa séð um afhendinguna og varnarliðarnir greitt sem svaraði gkr. 1.300 fyrir hvert gramm. Það, sem eftir var af hassinu, kvaðst Gunnar hafa selt ásamt ákærða og Guðmundi nafngreindum aðiljum í Reykjavík og nágrenni.

Varðandi uppgjör til Boga Halldórssonar þá kvaðst Gunnar hafa greitt honum gkr. 250.000 fyrir flutninginn og þá jafnframt

tekið við hlut Boga af þeim efnum, er hann og Frímenn keyptu saman, og hafa selt með efnum þeirra hinna á gkr. 1.300 pr. gramm, en skilað Boga kr. 1.200 fyrir hvert gramm.

Bogi Guðbrandur Karl Halldórsson, fæddur 24. júlí 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 13. janúar 1977 og bar þá í meginatriðum á sama veg og Gunnar um ofangreindan flutning hassefna og hlutdeild í efniskaupum.

Frímenn Ólafsson, fæddur 10. maí 1953, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15. nóvember 1976, og var framburður hans efnislega í samræmi við framburði Gunnars og nefnds Boga.

Ekki þykir hér ástæða til að víkja að framburðum ætlaðra kaupenda að ofangreindum efnum, enda liggja fyrir staðfestingar flestra meintra kaupenda á viðskiptum við ákærða og þá félaga hans, Gunnar og Guðmund. Þó liggja ekki fyrir játningar þeirra varnarliðsmanna, er ákærða, Gunnari og Guðmundi ber saman um, að þeir hafi átt viðskipti við.

6. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum varðandi þennan ákærulið hér í dómi 10. nóvember 1976. Hafi Holberg Músson tekið að sér að flytja efni heim frá Rotterdam gegn því, að keypt yrði eitt kíló fyrir hann, sem þeir þremmenningar síðar önnuðust sölu á, en hann greiddi þó gkr. 100.000 í kostnað. Hafi þeir Gunnar og Guðmundur haldið utan til kaupanna, en Holberg farið utan um London. Hafi Holberg farið með hluta þess fjár, er ætlað var til kaupanna, til Rotterdam, en ráðgert hafi verið að kaupa allt að 7 kg, en til kaupanna verið 2.000 bandaríkjadalar og a. m. k. 3.000 sænskar krónur. Ákærði kvað Holberg síðan hafa komið hingað til lands með um 2 kg af hassi og afhent sér í tvennu lagi. Ákærði kvað þá Gunnar og Guðmund hafa komið hingað til lands 3—4 dögum á eftir Holberg, en þá hafi ákærði verið búinn að selja fyrir rúmar gkr. 500.000. Hafi þeir aðiljar annast sölu efna fyrir sig, en það verið Jón Rúnar Einarsson, Kristján Jón Jóhannsson og Gylfi Harðarson, en hann selt efnið á 1.100—1.200 gkr. hvert gramm. Þá kvað ákærði Holberg hafa fengið 100 gr af ofangreindu efni. Ákærði kvað nafngreindan skipverja á Tungufossi hafa flutt afgang efna hingað til lands, eða 3.8 kg, gegn greiðslu gkr. 300.000, en Tungufoss komið í höfn á Húsavík. Þangað kvaðst ákærði hafa haldið að sækja efnið ásamt Gunnari á bifreið í eigu kunningja síns, en jafnframt í för slegist sambýliskona ákærða

og eiginkona Gunnars, en Guðmundur Kristjánsson hafi, þegar hér var komið sögu, verið kominn í gæsluvarðhald.

Ákærði kvaðst fyrir milligöngu Ólafs Braga Bragasonar hafa selt áðurnefndum Christopher Smith 1 kg af ofangreindu hassi á 6.000 bandaríkjadali, en nefndur Ólafur Bragi sjálfur keypt 35 gr á 250 bandaríkjadali.

Ákærði kvaðst hafa látið sömu aðilja og áður annast dreifingu fyrir sig, en Gunnar verið afkastamikill við sölu. Hafi 1 kg af ofangreindu efni verið óselt, er ákærði fór utan í lok ágúst.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið á þá leið, að hann kvaðst engan þátt hafa átt í innflutningi þeirra fíkniefna, er þar greinir, en af þeim fengið lítilræði.

Framburðir Gunnars Gíslasonar um sakarefni í þessum ákærulið voru breytilegir, en endanlegur framburður hans kom fram hér í dómi 11. nóvember 1976 og 16. s. m.

Gunnar kvað eina ferð hafa enn verið ákveðna að lokinni sölu efna úr síðustu ferð. Hafi ákærði samið við Holberg Másson um, að hann flytti efni hingað til lands frá Hollandi. Hafi Holberg ætlað að greiða ferðir sínar sjálfur, en þess utan að leggja fram gkr. 300.000 til kaupa á 1 kg af hassi, er ákærði, Gunnar og Guðmundur ætluðu að selja fyrir hann á gkr. 1.200, en hann þess utan átt að fá einhverja aukagreiðslu.

Gunnar kvaðst hafa haldið til Rotterdam ásamt Guðmundi í síðari hluta júlí og þeir til kaupanna haft liðlega 2.000 bandaríkjadali og um 800.000 gkr. ísl. Hafi Guðmundur annast efniskaupin og keypt 4.6 kg af Kasmírhassi og 1 kg af Marokkóhassi. Hafi nefndur Holberg séð um flutning 2 kg af hassinu hingað til lands, en Stefán Hallur Ellertsson séð um flutning þess, er þá var eftir, sjóleiðis með m/s Tungufossi.

Í nefndu þinghaldi 11. nóvember 1976 gerði Gunnar eftirfarandi grein fyrir ráðstöfun ofangreindra efna, en þá var eftir honum bókað svohljóðandi:

„Mætti segir, að eftir heimkomu hafi mætti og Guðmundur hitt Franklín á heimili Kristínar og Ívars í Mosgerði. Mætti segir Franklín þá hafa verið búinn að taka við efninu frá Holberg, þ. e. 1 kg af Kasmír og 1 kg af Marokkó. Mætti segir Franklín hafa á Háaleitisbraut daginn eftir gert grein fyrir stöðunni. Þá hafði Franklín verið búinn að selja allt að helming efnis af báðum tegundum. Mætti segir þá alla þrjá hafa selt est. efna. Mætti kveðst sem áður hafa selt Jóni Matthíassyni

og Jóni Sturlu bæði af Kamír og Marokkó. Kveðst mætti ekki þora að áætla heildarmagn til þeirra af þessu.

Eftir að þetta efni var búið, en það var fimm eða sex dögum eftir heimkomu, og um það leyti er Guðmundur gaf sig fram (6/8), segir mætti, að sjóðurinn hafi verið gerður upp. Franklín greiddi Holberg 1.200 þús. og auk þess um 200 þús. vegna flutnings. Est. segir mætti hafa verið skipt í þrennt og hafi komið kr. 200 þús. á hvern, mætta, Franklín og Guðmund.

Er Guðmundur var kominn í hendur lögreglu, segist mætti hafa komist að raun um, að Tungufoss væri væntanlegur til Húsavíkur. Ferð þangað með Franklín o .fl. kveðst mætti hafa réttilega lýst svo og móttöku efnis frá Stefáni. Þar sé þó við að bæta, að efnið, sem Stefán kom með, hafi verið 3.2 kg. Þetta efni var allt Kasmír. Mætti segir Franklín hafa þegar selt af þessu 1 kg til kana fyrir milligöngu íslendinga. Mætti kveðst ekki vita, hverjir þeir voru. Heldur mætti, að um 5.200 US\$ hafi komið inn fyrir þetta.

Mætti rifjar upp að hafa móttekið efnið 9. ágúst á Húsavík. Auk kílóins, sem Franklín seldi, sem áður er getið, segir mætti hann hafa ætlað að selja annað kíló þeim sömu könum, sem fengu fyrra kíló. Mætti segir þetta hafa klikkað tvo föstudaga í röð.

Est. um 1200 grömm segir mætti hafa verið skipt í þrennt, þ. e. 400 gr. á mætta, Franklín og geymt fyrir Guðmund. Mætti kveðst hafa ráðstafað sínum hlut og u. þ. b. helming af Guðmundar og því hafi þeir hvor um sig selt af þessu um 600 grömm. Megnið af sínum hluta kveðst mætti hafa ráðstafað til Jóns Matthíassonar, en minnihluta til Jóns Sturlu.

Um miðjan ágúst segir mætti, að Franklín hafi tjáð sér, að hann væri reiðubúinn að fara ferð til Rotterdam, og sagði jafnframt, að Holberg hafi boðið aðstoð sína einu sinni enn. Mætti kveðst hafa farið með Franklín heim til Holbergs að semja við hann. Um þetta leyti hafi að vísu komið í ljós, að seinni kanadill Franklíns klikkaði. Vegna þess hafi ekki verið ljóst, hve mikið efni Franklín gæti keypt, en samið hafi verið endanlega um það við Holberg, að hann legði til kr. 300 þús. til kaupa á einu kíló, sem þeir svo seldu fyrir hann fyrir 1200 þús. Síðan fengi Holberg 500 þús. fyrir flutning efna, sem á þessu stigi var talið, að gæti orðið allt að 5 kg. Auk þess fengi Holberg greiddar kr. 50 þús. upp í kostnað.

Er ljóst varð, að Franklín gat ekki selt kíló. Mætti segist

mætti hafa tekið til við að selja af því. Segir mætti, að þeir Franklín hafi verið búnir að selja af því um 400 grömm, áður en Franklín fór út í lok ágúst.

Mætti kveðst hafa selt est., þá búandi hjá Einari Sigurhanssyni á Sporðagrunni, enda foreldrar hans erlendis.

Mætti kveðst hafa selt Stjána „gramm“ um 350 grömm fyrir 1.880 US\$ og einnig fyrir 70—80 þús. í ísl. Þá kveðst mætti hafa selt Jóni Rúnari fyrir 100 þús., en est. hafi fengið þeir Jón Matthíasson og Jón Sturla Axelsson sem áður.“

Ofangreindur Stefán Hallur Ellertsson, fæddur 1. maí 1955, var yfirheyrður hér í dómi 30. september 1976 og lýsti þá ítarlega aðdraganda og flutningi 3.5 kg af hassi hingað til lands frá Rotterdam fyrir Guðmund, Gunnar og Franklín og bar á sama veg og Gunnar. Hafi Gunnar greitt sér gkr. 300.000 fyrir flutninginn.

Holberg Másson ofangreindur, fæddur 21. sept. 1954, bar hér í dómi 11. mars 1977 á sama veg og ákærði um flutning nefndra 2 kg af hassi hingað til lands, annað kg hafi hann átt sjálfur, en fengið gkr. 200.000 fyrir flutning á hinu.

Guðmundur Kristjánsson bar á sama veg og þeir ákærði og Gunnar um ofangreint hér í dómi. Kvaðst hann hafa haldið þann 24. júlí 1976 til Rotterdam ásamt Gunnari Gíslasyni og keypt þar um 5.8 kg af hassi fyrir sameiginlegt fé þeirra félaga og Holbergs Mássonar. Kvað hann Holberg hafa flutt 2 kg hingað til lands, en Stefán Hall Ellertsson allt að 3.8 kg. Guðmundur kvaðst hafa selt lítills háttar af efninu einum aðilja, en ákærði og Gunnar annast söluna að öðru leyti á gkr. 1.300 hvert gramm, en Guðmundur var hnepptur í gæsluvarðhald 6. ágúst s. á., en þá hafði efni það, sem Stefán Hallur flutti, ekki enn borist til landsins.

Varðandi framburði þeirra aðilja, er ákærði tilgreindi sem fasta dreifiaðilja fyrir sig, þá þykir hentara að víkja að framburði þeirra í heild undir næsta ákærulið hér á eftir.

Varðandi framburð varnarliðsmannsins Christopher B. Smith vísast til þess, er rakið var varðandi næsta ákærulið hér á undan.

7. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 10. nóvember 1976 lýsti ákærði hasskaupaferð til Rotterdam um mánaðamótin ágúst-september það ár. Ákærði kvaðst ásamt Gunnari Gíslasyni hafa átt viðræður við Holberg Másson um frekari samvinnu um innflutning hassefna. Hafi Holberg átt að sjá um flutning efna, en skv. samkomulagi átt að kaupa fyrir hann eitt kíló, er hann sjálfur legði út fyrir,

en síðan átt að selja fyrir Holberg kílóíð og afhenda honum andvirðið, gkr. 1.200.000. Loks hafi átt að greiða Holberg gkr. 500.000 fyrir flutninginn.

Til utanfararinnar kvaðst ákærði hafa haft úr sameiginlega sjóðnum þeirra þremminga 6.200 bandaríkjadali, 300 danskar kr., 100 DM auk ferðamannagjaldeyris fyrir sig og Margréti Ágústsdóttur, sambýliskonu sína, er slegist hafi með í förina. Þá hafi Holberg, er farið hafi utan á eftir ákærða, átt að færa sér söluandvirði hasskílósin, er óselt var, er ákærði hélt utan. Holberg hafi þó aðeins komið með sem svaraði gkr. 500.000, er hann hafi skipt í hollensk gyllini.

Í Rotterdam kvaðst ákærði hafa keypt 5.8 kg af Marokkóhassi og 3 kg af Tyrkjahassi. Ákærði kvaðst ásamt nefndri sambýliskonu hafa haldið með ofangreint efnismagn í bílaleigubifreið til Amsterdam og þar afhent það Holberg Mássyni til flutnings. Ákærði kvaðst síðan hafa ferðast um Evrópu á bílaleigubifreiðinni, en haldið hingað flugleiðis mánudaginn 6. september.

Ákærði kvað Gunnar hafa verið kominn í gæsluvarðhald, er ákærði kom heim. Hafi hann því sett sig í samband við Einar Sigurhansson, er hafi verið með hluta efnisins, er Holberg flutti hingað til lands. Hafi Einar sagt sér, að Holberg hafi afhent 4 kg og sagst afhenda afgang síðar. Ákærði kvað þá Einar og Gunnar hafa verið búna að selja eitthvað af efninu, en ákærði kvaðst ekki hafa þorað að koma sjálfur nálægt dreifingunni, utan hvað hann hafi selt Gylfa Harðarsyni 400 gr á gkr. 1.100 hvert gramm.

Ákærði kvað Gunnar hafa að mestu gert upp við Holberg, en ákærði kvaðst hafa mælt sér mót við Holberg á Brauðbæ og greitt honum eftirstöðvar, kr. 300.000. Holberg hafi síðan þar fyrir utan í bifreið Einars Sigurhanssonar afhent sér eftirstöðvar af hassinu, en síðar komið í ljós, að á vantaði 1200 gr. Ákærði kvað ekki hafa tekist að fá það, sem á vantaði af hassinu, hjá Holberg.

Ákærði kvaðst ásamt Einari Sigurhanssyni hafa pressað tyrkneska hassið í 100 gr plötur á heimili Sigríðar, systur Gunnars. Þá kvaðst ákærði hafa verið viðstaddur, er Einar seldi Karvel Gränz 1100 gr af tyrkneska hassinu á 5.500 bandaríkjadali, en afhending farið fram á heimili nefndrar Sigríðar.

Í nefndu þinghaldi gerði ákærði grein fyrir helstu kaupendum hassefna af sér í heild yfir allt tímabilið án tillits til einstakra ferða, en þeir væru:

1. Ólafur Bragi: 1.035 gr á 6.000 bandaríkjadali og 300 gr á 1.800 bandaríkjadali og loks 250 gr í smáum skömmtum.

2. Kristján Jón Jóhannsson: 300—350 gr í mörgum afhendingum.
3. Jón Rúnar Einarsson: 300—400 gr.
4. Karvel Gränz: 250—300 gr.
5. Gylfi Harðarson: liðlega 1 kg.
6. Hermann Ólason: 200—250 gr.

Í lögregluyfirheyrslu 23. október 1976 lýsti ákærði sig reiðubúinn til að vísa á peninga, er hann ætti geymda hjá nafngreindum kunningja sínum hér í borg. Lýsti hann því yfir, að þeir væru söluandvirði fíkniefna, og rökstuddi sundurliðað. Vísaði ákærði á Jón Þóri Gunnlaugsson, fæddan 28. ágúst 1942, til heimilis að Laufásvegi 10 hér í borg, sem vörslumann nefnds fjár. Ekki tókst að ná til nefnds Jóns Þóris fyrr en 1. nóvember sama ár, en hann viðurkenndi að hafa fyrir allnokkru móttekið pakka frá ákærða og kvað pakkann geymdan í bankahólf í Vega-mótaútbúi Landsbanka Íslands.

Lögreglumenn fóru ásamt nefndum Jóni Þóri og sóttu pakkann í bankahólf og fóru með hann á skrifstofu fíkniefnadeildar á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Í viðurvist nefnds Jóns Þóris töldu lögreglumenn fé það, sem í pakkanum var, en skipting þess var sem hér segir:

1. Ísl. krónur í 5.000 kr. seðlum, samtals 66 stk.
2. Ísl. krónur í 1.000 kr. seðlum, samtals 47 stk.
3. Ísl. krónur í 500 kr. seðlum, samtals 11 stk.
4. Ísl. krónur í 100 kr. seðlum, samtals 6 stk.
5. Danskar krónur í 1.000 kr. seðlum, samtals 4 stk.
6. Bandaríkjadalir í 20\$ seðlum, samtals 228 stk.
7. Bandaríkjadalir í 10\$ seðlum, samtals 1 stk.

Peningarnir voru merktir og eru varðveittir á skrifstofu fíkniefnadeildar.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 16. nóvember 1976 og staðfesti þá að hafa í ágúst það ár keypt samtals 8.8 kg af hassi í Rotterdam og tekið þátt í dreifingu þess hérlandis. Staðfesti hann jafnframt að hafa komið undan söluágóða um gkr. 1.600.000 í geymslu, en síðar vísað lögreglu á féð.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., breytti hann framburði sínum án nokkurra skýringa varðandi þennan ákærulið og kvaðst einungis hafa annast kaup þar greindra hassefna í Hollandi, en ekkert haft með innflutninginn að gera, en aðeins tekið

lítilllega þátt í sölu efnis. Jafnframt kvað hann Holberg Mátsson eiganda 1 kg, en hann þess utan slegið eign sinni á 1200 gr.

Í nefndu þinghaldi 11. nóvember 1976 lýsti Gunnar Gíslason hasskaupaferð þeirra félaga í lok ágúst þ. á. Hafi ákærði samið við áðurnefndan Holberg Mátsson um flutning efna hingað til lands. Hafi svo um samist, að Holberg legði fram gkr. 300.000 til kaupa á einu kíló, sem þeir seldu fyrir hann, en síðar fengi hann gkr. 500.000 fyrir flutning efna, sem á þessu stigi var talið, að gætu orðið allt að 5 kg. Auk þess hafi Holberg átt að fá greiddar gkr. 50.000 upp í kostnað.

Í nefndu þinghaldi lýsti Gunnar utanferð þeirra ákærða og Holbergs og ráðstöfun efna. Þykir hér hentara að taka beint upp framburð Gunnars þar um, en hann var svohljóðandi:

„Aðspurður um ferð Franklins og Holbergs segir mætti, að Holberg hafi verið að fara á loftbelgjamót í Englandi og fengið e-ð af peningum til að skipta. Mætti segir um það hafa verið samið, að Holberg kæmi heim á undan Franklín, og átti hann að setja sig í samband við mætta í Möðrufelli. Mætti segir Holberg hafa komið til landsins í lok ágúst, en miðvikudaginn 1. sept. kveðst mætti hafa náð sambandi við Holberg og boðað hann til sín á Kleppsveg 142 á heimili Jóns Sturlu Axelssonar, en þar kveðst mætti hafa verið einn.

Mætti segir Holberg hafa komið fljótlega og með 2 kg af Marokkóhassi í 200 gr plötum. Sagðist Holberg vera með meira í geymslu, og mæltu þeir sér mót á sama stað kl. 19.30 þetta sama kvöld, enda vissi mæti þá, að Jón Sturla yrði að heimsækja eiginkonu sína á fæðingardeild þá.

Mætti segir Holberg hafa komið á tilsettum tíma og með tvö kíló í 250 gramma pokum, efni duft, að því er mætti telur einnig Marokkó. Þetta kvöld kveðst mætti hafa boðið Einari Sigurhanssyni og Höllu, eiginkonu mætta, á hljótleika í Laugardalshöll, en þangað kveðst mætti sjálfur ekki hafa þorað. Kveðst mætti hafa samið við Einar um, að þau kæmu síðan í Torfufell 46 til Aðalsteins Ásgeirssonar, þangað sem mætti ætlaði og hélt. Þá segist mætti og hafa greitt Holberg 1.880\$ og 300 þús., er hann kom með efnið, og þannig verið búinn að eyða því, sem inn kom vegna sölu efna, sem Stefán kom með.

Aðspurður um meira efni segir mætti, að Holberg hafi sagt, er hann hafði afhent þessi líðlega 4 kg, að annað eins eða svipað væri eftir, það kæmi til landsins í frakt með loftbelgnum.

Heima hjá Aðalsteini kveðst mætti hafa talið efni saman og

vigtað og sett á blað, hve mikið kæmi inn fyrir sölu á þessu og hvað væri eftir að borga Holberg. Þá skipt niðurstöðutölu í þrennt og út úr því hafi komið 3 sinnum liðlega 1.500 þús. Kveðst mætti hafa sagt við Einar þarna um kvöldið, er mætti afhenti honum efnið, að hann ætti að afhenda þetta Franklín, er hann kæmi heim. Þó kveðst mætti hafa sagt við Einar, að hann gæti selt af þessu, ef hann vildi, og þá 1.200 kr. grammíð. Í því sambandi kveðst mætti fyrst og fremst hafa bent Einari á Jón Matthíasson og Jón Sturlu og þá, að Einar mætti lána þeim.

Mætti segist hafa sagt við Holberg, að mætti ætlaði að gefa sig fram, og bað Holberg að afhenda Franklín efnið, sem ætti eftir að koma. Þó kveðst mætti og hafa gefið Holberg upp símanúmer Einars í sama skyni.

Tveim dögum síðar, eða 3. sept., kveðst mætti hafa gefið sig fram. Mætti losnaði úr gæslu 3/10. Þá segir mætti, að Einar hafi verið í sólarhringsgæslu. Kveðst mætti hafa farið til Aðalsteins í Torfufell og sótt þangað hass og peninga, sem Einar hafi þangað komið. Mætti kveðst hafa náð sambandi við Jón Sturlu, Jón Matthíasson og Kára Sigurðsson, sem var farinn að starfa með Jóni Matthíassyni. Mætti segir þá alla hafa bergmálað það sama, að Einar hafi verið búinn að lofa þeim efni og allt væri að verða vitlaust af efnisþurrð. Kveðst mætti hafa látið Jón Sturlu hafa 100 grömm og móttekið kr. 200.000 þús., sem hann skuldaði Einari vegna fyrri viðskipta.

Mætti kveðst hafa náð sambandi við Einar á mánudagskvöldinu og hann þá án árangurs reynt að skýra bókhaldið. Mætti segir sér hafa verið útilokað að skilja bókhald Einars, en beðið hann að skrá sérstaklega niður skuldara og byrja að innheimta hjá þeim.

Efni það, sem eftir var, segir mætti hafa verið tæp 800 grömm. Næsta dag kveðst mætti hafa skipt fé því, sem inn var komið, í tvennt, eins og mætti hefur áður greint frá. Segir mætti það hafa verið 720 þús. í ísl. og 2.760\$ í hvorum pakka. Kveðst mætti hafa afhent móður Guðmundar annan pakkann, en falið Höllu, konu sinni, að koma hinum í geymslu hjá systur sinni. Eftir þetta segir mætti, að inn hafi komið 8—900 þús., en af því kveðst mætti hafa borgað Einari 100 þús. til að greiða bílaleigubíl og af sófasetti, sem hann á, auk þess sem Einar fékk 5—10 þús. á dag þessa daga „til að lifa“. Mætti kveðst og hafa tekið af þessu í sukk. Mætti segir Einar hafa tekið tvisvar kr. 20 þús. til að greiða Möggu, vinkonu Franklins. Þá kveðst og mætti hafa

greitt happadrættismiða. Kveðst mætti ætla, að um 600 þús. hafi verið eftir, og það kveðst mætti hafa falið Höllu að koma í geymslu til móður sinnar.

Mætti kveðst, eins og fram er komið, ekkert hafa skilið í því, hvað lítið fé var inn komið. Mætti segir Einar hafa sagt sér, að Franklín hafi verið búinn að taka rúmlega 1.600 þúsund, og hluti af því að sögn Einars í gjaldeyri. Efir þetta kveðst mætti hafa sagt orðrétt við Einar: „Ég geri ekki ráð fyrir, að þú getir ekki skýrt þetta, Einar minn, en ég get ekki betur séð en á vanti um þrjár milljónir.“ Þá segir mætti, að Einar hafi sagt sér, að Holberg hafi haldið eftir 1200 grömmum efnis.

Aðspurður um uppgjör til Holbergs segir mætti, að Einar hafi ekki verið með það á hreinu, hvort Franklín væri búinn að gera upp við Holberg, en þeir vissu ekki, hvar efni það væri, sem Holberg héldi.

Aðspurður um útistandandi skuldir segir mætti Einar hafa gert grein fyrir eftirfarandi:

- | | |
|-------------------|----------|
| 1) Stjáni „gramm“ | 400 þús. |
| 2) Jón Rúnar | 150 þús. |
| 3) Jón Matth. | 300 þús. |

850 þús.

Auk þessara hafi verið þrír aðrir, sem skulduðu minna. Mætti segir skuldir Jóns Rúnars og Stjána hafa verið afskrifaðar, þar sem ekki var talið, að þeir gætu staðið í skilum.

Mætti segir Einar hafa séð um dreifingu est. efna og hafi hann selt Jóni Matthíassyni, Kára Sigurðssyni og Jóni Sturlu.“

Einar Sigurhansson bar á sama veg og Gunnar Gíslason um ofangreint hér í dómi 4. nóvember 1976 og gerði grein fyrir dreifingu sinni á efnum fyrir ákærða og félaga hans og skilum á söluandvirði.

Áður en nefndum Einari var sleppt úr gæsluvarðhaldi 10. nóv. 1976, var bókað eftir honum yfirlit um fíkniefnamisferli hans og þá bókað svohljóðandi um ofangreint:

„Móttók 4.6 kg af hassi 1. sept. hjá Gunnari Gíslasyni og síðar um 2.8 kg hjá Franklín Steiner. Sá um sölu þessa, ásamt Franklín að hluta, en afhenti Gunnari Gíslasyni síðar um 750 grömm sem eftirstöðvar og allan söluágóða. Hvert gramm selt á kr. 1.200. Þáði kr. 35.000.“

Holberg Másson var yfirheyrður hér í dómi 11. mars 1977 og

var framburður hans efnislega samhljóða framburði Gunnars og ákærða.

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. desember 1956, var yfirheyrður hér í dómi 19. október 1976 og bar þá að hafa snemma sumars 1976 margítrekað keypt hass af ákærða til eigin neyslu, en síðar skv. beiðni ákærða farið að annast fyrir hann sölu hass-efna. Hafi verið um margar efnisafhendingar frá ákærða að ræða, en ekki mikið magn hverju sinni. Kvaðst hann telja heildar-efnismagn 137 gr eða hugsanlega eitthvað meira. Þá kvaðst hann skömmu áður hafa keypt 80 gr af hassi af ákærða eða Einari Sigurhanssyni, er verið hafi sölumaður fyrir ákærða.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, viðurkenndi, sem áður er rakið, kaup á 165 gr af hassi af ákærða í maí-júní 1976. Nokkru seinna kvaðst nefndur Ólafur af ákærða hafa keypt 1 kg af Kasmírhasi á 6.000 bandaríkjadali fyrir ónefnda varnarliðsmenn, en jafnframt 25 gr af hassi fyrir sjálfan sig.

Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, bar í yfirheyrslu hér í dómi 3. nóvember 1976 að hafa ítrekað sumarið 1976 keypt hass og marihuana af ákærða, nánar 100 gr af marihuana, 5 gr hass-olíu og 150—225 gr af hassi. Þá kvaðst Karvel hafa haft milli-göngu um kaup á 1100 gr af hassi fyrir varnarliða af ákærða og Einari Sigurhanssyni.

Gylfi Harðarson, fæddur 13. janúar 1958, var yfirheyrður hér í dómi 28. nóvember 1976 og bar þá að hafa sumar 1976 keypt samtals 530 gr af hassi.

Jón Rúnar Einarsson, fæddur 3. nóvember 1955, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 6. júní 1977 og bar þá að hafa í ágúst 1976 selt samtals um 300 gr af hassi fyrir og skv. beiðni ákærða og skilað ákærða 1.100—1.300 gkr. fyrir hvert gramm að sölu lokinni.

NIÐURSTÖÐUR..

1. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákæru-lið greinir, en kveður heildarefnismagn móttekið frá nefndri Sig-riði Gísladóttur 400 gr.

Ákærði breytti að vísu fyrri framburðum sínum, er hann kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., án þess að gefa nokkrar skýringar. Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, enda fyrri játningar efnislega studdar framburðum þeirra Sig-

ríðar Gísladóttur, Gunnars Gíslasonar og nafngreindra kaupenda. Þykir hér skv. ofansögðu rétt að leggja til grundvallar, að ákærði hafi alls mótttekið 400 gr af hassi frá nefndri Sigríði.

Þykir þannig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar frá áramótum og fram í apríl 1976 keypt margsinnis af Sigríði Gísladóttur, þá dveljandi að Laufásvegi 10 og Laugarnesvegi 64, Reykjavík, samtals 400 grömm af hassi og af Gunnari Gíslasyni, Möðrufelli 1, Reykjavík, á sama tíma allt að 100 grömmum af hassi, sem ákærði neytti að hluta sjálfur, en seldi mestmegnis mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

2. ákæruliður.

Við rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærði sundurliðað alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er framburður hans efnislega samhljóða framburði Holbergs Mássonar og að mestu þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar, en þeir bera þó um minna magn, eða allt að 4 kg, er þeir hafi átt þátt í að dreifa ásamt ákærða, en þeir kveða ákærða alfarið hafa átt viðskiptin við Holberg Másson og ákærði því haft undir höndum meira magn af nefndu efni en þeir hafi tekið þátt í að dreifa.

Ákærði breytti framburði sínum þennan ákærulið varðandi, er hann kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., án þess að færa fram nokkur rök máli sínu til stuðnings. Þykir ekki fært að taka mark á hinum breytta framburði ákærða skv. ofansögðu. Þá eru upphaflegar játningar ákærða studdar framburðum nafngreindra kaupenda.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar vorið og sumarið 1976 keypt af Holberg Mássyni, Strandaseli 9, Reykjavík, í fjögur skipti samtals 6 kílógrömm af marihuana, í fyrsta skipti eitt kílógramm, sem var afhent á lóð Landspítalans, í annað skiptið tvö kílógrömm, sem voru afhent á lóð Blóðbankans við Barónsstíg, í þriðja skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og í fjórða skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru í íbúð, sem Holberg hafði þá í Ljósheimum í Reykjavík. Ákærði seldi allt þetta efnismagn, að undaskildri eigin neyslu, í samvinnu við fyrrnefnda Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson, Kleppsvegi 72, Reykjavík,

mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

3. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, en ekki verður tekið markt á breyttum framburði ákærða frá 11. ágúst sl., enda hann órökstuddur og í ósamræmi við öll gögn málsins. Játningar ákærða eru efnislega samhljóða framburðum þeirra Einars Sigurhanssonar, Gunnars Gíslasonar, Guðmundar Kristjánssonar og nafngreindra kaupenda efna. Með vísan til framburða þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar þykir varlegra að miða við, að heildarefnismagn hafi verið 600 gr, þó ákærði hafi borið um meira magn.

Samkvæmt ofansögðu þykir rækilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar í lok málmánaðar flutt inn frá Hollandi í félagi við Einar Sigurhansson, Selvogsgrunni 11, Reykjavík, og nefndan Gunnar Gíslason 600 grömm af hassi og af því selt hérlandis í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 400 grömm til margra manna í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

4. ákæruliður.

Varðandi breyttan framburð ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., þá athugast, að ekki þykir mark á honum takandi, enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við öll gögn málsins. Þykir þannig sannað með játningu ákærða, sem rækilega er studd framburðum allra viðkomandi aðilja, m. a. framburðum þeirra Guðmundar Kristjánssonar og Gunnars Gíslasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í júnímánuði 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við sömu menn og greinir í 3. lið hér að framan um 1300 grömm af hassi og síðan selt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

5. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða frá 11.

ágúst sl., enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við önnur gögn málsins.

Þykir þannig sannað með játningu ákærða, sem efnislega er studd framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar auk nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar seinni hluta júnímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 1700 grömm af hassi og um 100 grömm af hassolíu, sem þeir seldu svo hér á landi, að undanskildri eigin neyslu, mörgum mönnum gegn verulegu gjaldi og höfðu af því fjárhagslegan ávinning.

6. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við önnur gögn málsins. Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning rækilega studd framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar, Guðmundar Kristjánssonar, Holbergs Mássonar og nafngreindra kaupenda. Með hliðsjón af framburðum ofangreindra þykir rétt að leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 5.8 kg.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar um mánaðamótin júlí-ágúst 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson 5.8 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar og skipverja á m/s Tungufossi. Efnismagn þetta, að undanskildri eigin neyslu, seldi ákærði í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

7. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., en hann er órökstuddur og í algeru ósamræmi við fyrri játningar ákærða hér í dómi og önnur gögn málsins. Játningar ákærða eru studdar framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar, Einars Sigurhanssonar, Holbergs Mássonar og margra nafngreindra kaupenda. Hins vegar verður ekki talið, að

nefndur Guðmundur Kristjánsson hafi átt aðild að brotum í þessum ákærulið, en hann sætti gæsluvarðhaldi allan tímann.

Með vísan til framburða ofangreindra þykir rétt að leggja til grundvallar, að heildarefnismagn hafi verið 8.8 kg.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn og aðild nefnds Guðmundar, nánar um mánaðamótin ágúst-september 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við Gunnar Gíslason 8.8 kg af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar, sem átti eitt kílógramm af þessu efnismagni sjálfur, og síðan selt um 8 kílógrömm af efninu, fyrst í samvinnu við Gunnar, eða þar til hann var hneptur í gæsluvarðhald, og síðan með aðstoð Einars Sigurhanssonar, til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

Framangreind brot ákærða í 1.—7. ákærulið ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

- 1972 29/12 þingrétturinn, Málmei, Svíþjóð: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 1. gr. laga um fíknilyf og 1. gr., sbr. 1. mgr. tolllaga (frá 29/12 1972 til 28/2 1973).
- 1977 5/4 í Reykjavík: Dómur: 250.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1977 22/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1979 17/12 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: Fangelsi í 1 ár og 6 mán. fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf og vopnalögum.
- 1981 11/8 sakadómur í ávana- og fíkn.: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Ekki hefur tekist að afla endurrits ofangreinds dóms þingréttar Málmevjar í Svíþjóð frá 29. desember 1972, og verður hann ekki látinn hafa réttaráhrif í máli þessu.

Í 2. mgr. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið svo á, að dómstólum sé heimilt að láta refsidóma, er kveðnir eru upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hérlandis. Ekkert samsvarandi ákvæði er í hegningalögum um, að erlendir refsidómar geti haft réttaráhrif skv. 78. gr. nefndra laga, en eðli máls samkvæmt þykir rétt, að ofangreindur refsidómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979 leiði til sakaukaáhrifa samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt nefndum dómsafgreiðslum hérlandis frá 5. apríl 1977, 22. júní 1977 og 11. ágúst 1981.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði stundaði samkvæmt ofansögðu stórfelldan og margítrekaðan innflutning fíkniefna og var frumkvöðull brota. Kemur fram í játningum ákærða og framburðum aðilja, að ákærði leitaði til margra aðilja og hvatti þá til að dreifa fyrir sig fíkniefnum í verulegum mæli. Þá sammæltist ákærði við marga aðilja um hlutdeild og samvinnu í ofangreindum tilgangi, og bar ofangreindur innflutningur og víðtæk dreifing gegn verulegu fégjaldi allt yfirbragð skipulagðrar brotastarfsemi í ávinningsskyni.

Teljast ofangreind atriði með vísan til 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, töluliða 1, 6 og 7, auk loka málsgreinar, ákærða til refsipýngingar.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, en að auki og með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 14/1948, kr. 30.000.00 í fésekt til ríkissjóðs, þar sem ákærði hafði verulegan hagnað af brotum sínum. Komi 4 mánaða fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar ofangreindri refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 47 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og sömu upphæð í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Loks ber með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 að gera

upptækt til ríkissjóðs eftirfarandi söluandvirði fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 dankar kr. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Óæskilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa í heild vegna umfangs og langdvalar ákærða erlendis.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947 í Reykjavík, sæti fangelsi í 2 ár og greiði kr. 30.000.00 í fésekt til ríkissjóðs. Komi 4 mánaða fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, eða 47 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og kr. 5.000.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Upptækt til ríkissjóðs skal eftirfarandi andvirði seldra fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 danskar krónur. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 47/1982. Ákæruvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Róbert Emanúel Glad

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 19. janúar 1982, en af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 6. október s. á.